

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri
starfsemi opinberra aðila, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 12. gr. reglugerðarinnar:

Við greinina bætast tveir nýir töluliðir sem orðast svo:

6. Þjónustu vaktstöðva vegna samræmdrar neyðarsímsvörunar.

7. Vinnu við sérstök verkefni sveitarfélaga eða á ábyrgð þeirra, sem efnt er til með styrk
Atvinnuleysistryggingasjóðs, til að fjölga atvinnutækifærum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari
breytingum, öðlast þegar gildi. Ákvæði 7. tölul. fellur úr gildi 1. janúar 1997.

Fjármálaráðuneytinu, 24. apríl 1996.

F. h. r.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Hermann Jónasson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu
Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.